



FÆRNI Á VINNUMARKAÐI

SKÝRSLA

INNIHALD

Aðdragandi	2
Skipulag - Heildarferli	3
Hlutverk samstarfsaðila	4
Námið	5
Fræðsla og vinnustaðanám - Samstarf	8
Þjálfun starfspjálfa	9
Mat á námsefni	10
Námsmat / Hæfnimat	11
Handbók	11
Árangur og lærdómur af verkefninu <i>Færni á vinnumarkaði</i>	12

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
1. útgáfa 2025

AÐDRAGANDI

Félags- og vinnumarkaðsráðherra setti, í desember 2022, á laggirnar starfshóp um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk í samráði við bæði háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og mennta- og barnamálaráðherra. Í febrúar 2024 skilaði starfshópurinn af sér skýrslu um verkefnið.

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf, Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, kom meðal annars fram að tryggja ætti menntunartækifæri fyrir fatlað fólk og að sérstaklega yrði horft til þess að bæta afkomu örorkulífeyrisþega og möguleika þeirra til virkni, menntunar og atvinnuþátttöku á eigin forsendum.

Ein af tillögum starfshópsins sneri að því að efla samstarf Vinnumálastofnunar (VMST), Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og Fjölmenntar í tengslum við að auka virkni fatlaðra í atvinnulífinu. Starfshópurinn lagði einnig til að:

- námslok verði skilgreind innan framhaldsfræðslunnar sem er afar mikilvægur þáttur fyrir fimmtu stoð menntakerfis á Íslandi
- framboð á starfstengdu námi verði aukið
- hópastærð í vottuðu námi innan framhaldsfræðslu verði endurskoðuð út frá fyrirkomulagi til greiðsluþátttöku Fræðslusjóðs við keyrslu á námi
- aðgengi fatlaðs fólks að vottuðu námi innan framhaldsfræðslu verði bætt
- aðgengi hópsins að starfstengdu námi sem lýkur með viðurkenndum réttindum samkvæmt Fagbréfi atvinnulífsins verði aukið

Tillögurnar fengu sitt pláss í Landsáætlun um málefni fatlaðs fólks sem samþykkt var á Alþingi á vormánuðum árið 2024.

Í apríl 2024 veitti þáverandi ráðherra félagsmála og vinnumarkaðs VMST fjármagni í þróunar- og samstarfsverkefnið *Færni á vinnumarkaði*.



SKIPULAG - HEILDARFERLI

Færni á vinnumarkaði er starfstengd námskrá framhaldsfræðslunnar. Námið skiptist í tvo hluta: fræðslu hjá símenntunarmiðstöð og vinnustaðanám sem framfer á vinnustað. Náms tími er 180 klukkustundir alls sem skiptist í 70 klst. (39%) fræðslu og 110 klst. (61%) vinnustaðahluta.

Handbækurnar sem fylgja námskrá eru þrjár, fyrir fræðsluaðila, starfspjálfa á vinnustað og Vinnumálastofnun (VMST).



Copyrights © Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 2025

Mynd1: Lýsing á heildarferli, frá ákvörðun um nám til útskriftar.

HLUTVERK SAMSTARFSADILA

HLUTVERK FA

Verkefnið var margþætt en hjá FA voru í upphafi gerðar hæfnigreiningar á alls sex störfum, sjá töflu 1, sem komu út á hæfniprepi 1 og 1,2. Afurðir hæfnigreiningar eru eftirfarandi starfaprófílar sem voru unnir á árinu 2024.

Starfaprófílar	
Starf við endurvinnslu	Starf í verslun
Starf í leikskóla	Starf í vöruhúsi / lager
Starf við umönnun	Starf við þrif og þjónustu

Tafla 1. Starfaprófílar og námslýsingar verkefnisins
bera sama heiti

Námskrá var skrifuð hjá FA í samstarfi við Fjölmennt þar sem innihald starfaprófíla nýtist auk þeirrar sérþekkingar á málefnum sem Fjölmennt býr yfir. Að lokum hlaut námskráin vottun hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Námskráin *Smiðja 1-2,2 Færni á vinnumarkaði* byggir á þeim tillögum sem greint er frá hér að ofan þar sem helsta markmið er að bæta aðgengi fatlaðs fólks utan vinnumarkaðar að starfstengdu námi innan framhaldsfræðslunnar. Auka þannig markvisst við möguleika til atvinnuþátttöku fatlaðra. Nálgaast má námskrána á pdf inn á vef FA.

Við námskrána voru skrifaðar sex námslýsingar. FA sá um gerð námslýsinganna sem eru unnar út frá námskránni og starfaprófíl hvers starfs. Einnig var boðið upp á sértækt námskeið um kennslufræði fyrir samstarfsaðila verkefnisins, starfsþjálfar á vinnustað, verkefnastjóra á símenntunarmiðstöðvum og leiðbeinendur í náminu.

HLUTVERK FJÖLMENNTAR

Fjölmennt útbjó 23 mismunandi kennslupakka fyrir fræðsluaðila til kennslu í tengslum við námið Færni á vinnumarkaði. Kennsluefnið fjalla meðal annars um persónulegan styrk, samskipti, þýðingu þess að hafa vinnu og njóta mannréttinda, réttindi á vinnumarkaði o.fl.

HLUTVERK VMST

Ráðgjafi VMST hefur, ásamt fræðsluaðila, umsjón með hvort og hvenær námið fari af stað. Ráðgjafi VMST er jafnframt tengiliður við vinnustað/starfsþjálfva og fræðsluaðila/verkefnastjóra meðan fræðsla og vinnustaðanám stendur yfir. Ráðgjafi VMST, verkefnastjóri/fræðsluaðila og starfsþjálfvi gegna hver sínu hlutverki og bera öll ábyrgð á að koma upplýsingum sín á milli til að bregðast við ef eitthvað ber út af hjá nemum.

NÁMIÐ

Námið fór af stað á haustdögum 2024 hjá 11 símenntunarmiðstöðvum víðsvegar um landið og skráðu 72 einstaklingar sig í námið. Vinnumálastofnun sá um að finna jafn marga vinnustaði og nemar voru. Með tímanum uppgötvuðu atvinnurekendur gildi þess að taka þátt í verkefninu, þau sem ekki höfðu þegar reynslu af sambærilegu. Í upphafi árs 2025 höfðu nærri 40 einstaklingar fengið fasta vinnu í framhaldinu. Á hverjum vinnustað var starfsþjálfvi sem fylgdi nema eftir í þróun og eflingu á hæfni. FA veitti öllum starfsþjálfum innan fyrirtækja og stofnana (72) stutta þjálfun. Slík þjálfun er enn í þróun en er hluti af heildarferlinu.

Alls hófu 72 þátttakendur nám, þar af voru 41 karl og 31 kona á aldursbilinu 18 – 61 árs. Starfsreynsla þeirra var mismunandi, allt frá því að hafa ekki starfað á vinnumarkaði, hafa stutta starfsreynslu eða vera með langa starfsreynslu. Sum þeirra höfðu starfað á leikskóla, við ræstingar, lagerstörf, endurvinnslu, verslun, þrif o.fl.

Alls luku 57 nemar bæði fræðslu- og vinnustaðahluta og útskrifuðust því með Fagbréf atvinnulífsins. 10 luku eingöngu námi í fræðsluhlutanum, sex nemar hættu á fyrstu vikum námsins, einn hætti vegna flutninga, einn stóðst ekki viðveru, annar átti við andleg veikindi o.s.frv. Í heildina útskrifuðust 67 nemar.

NÁMIÐ

Í töflu 2 er tekinn saman heildarfjöldi nema sem útskrifast með Fagbréf atvinnulífsins. Töflunni er raðað frá mesta fjölda útskrifaðra í hverri starfsgrein niður á minnsta fjölda.

Færni á vinnumarkaði	
Starf við þrif og þjónustu	17
Starf í leikskóla	14
Starf í verslun	12
Starf í vöruhúsi/lager	7
Starf í endurvinnslu	5
Starf við umönnun	2
	57

Tafla 2. Fjöldi nema í hverri faggrein, útskrifaðir með Fagbréf atvinnulífsins

Námið fór fram í staðnámi hjá níu símenntunarmiðstöðvum en tvær símenntunarmiðstöðvar buðu upp á blandað nám, staðnám og fjarnám. Símenntunarmiðstöðvarnar voru sammála um að námið gekk vel í staðnámi en að fjarkennslan hafi reynst áskorun, sérstaklega þegar kom að verkefnavinnu og verkdagbók. Almennt gekk vel að fá vinnustaði til þátttöku í verkefninu en í einhverjum tilvikum var það krefjandi og tímafrekt fyrir ráðgjafa VMST.

Nemar fengu viðtöl hjá ráðgjöfum símenntunarmiðstöðva. Viðtölin gengu vel, voru einstaklingsmiðuð, með áherslu á að styrkja nema í tengslum við starfsferil þeirra. Nemar skilgreindu markmið sín og væntingar og voru almennt ánægð með viðtölin. Mörg fengu viðtal hjá ráðgjafa til að ræða náms- og starfsferil í fyrsta skipti. Fræðsluaðilar nefndu að gott hefði verið að geta framkvæmt áhugasviðsgreiningu hjá hverjum þátttakanda.

NÁMIÐ

Út frá greinargerð samstarfsaðila í verkefninu hefur verið tekið tillit til athugasemda. Handbók og námslýsingar vegna einstakra starfa hafa verið uppfærðar. Handbókinni var skipt upp og eru þær nú þrjár: fyrir starfspjálfa, fyrir fræðsluaðila og fyrir ráðgjafa VMST. Einnig er sérstakt matshefti fyrir starfspjálfa í tengslum við mat út frá námslýsingu starfsins. Hlutverk allra samstarfsaðila í verkefninu hefur verið skilgreint og námsefnið endurskoðað. Þá hafa tvö störf til viðbótar verið hæfnigreind, starf í frístund og starfið aðstoð við léttan iðnað. Þar með eru störfin orðin átta.

Námslýsingar	Matshefti / starfspjálfar	Handbækur
Starf aðstoð við léttan iðnað	Hæfnimat starf aðstoð við léttan iðnað	Handbók fyrir starfspjálfa Handbók fyrir fræðsluaðila Handbók fyrir ráðgjafa VMST
Starf við endurvinnslu	Hæfnimat starf í endurvinnslu	
Starf í frístund	Hæfnimat starf í frístund	
Starf í leikskóla	Hæfnimat starf í leikskóla	
Starf við umönnun	Hæfnimat starf við umönnun	
Starf í verslun	Hæfnimat starf í verslun	
Starf á lager/í vöruhúsi	Hæfnimat starf á lager/í vöruhúsi	
Starf við þrif og þjónustu	Hæfnimat starf við þrif og þjónustu	

Tafla 3. Námslýsingar, hæfnimat og handbækur tengdar námskránni Smiðja 1-2,2 Færni á vinnumarkaði í samræmi við starfaprófila og námslýsingar sumar 2025.

FRÆÐSLA OG VINNUSTAÐANÁM - SAMSTARF

Samstarfið var almennt mjög gott á milli allra aðila verkefnisins, VMST, FA, Fjölmenntar og fræðsluaðila. Verkefnið fór hratt af stað þar sem fyrirvarinn var skammur og lögðust öll á eitt sem komu að verkefninu við að koma því í framkvæmd. Fræðsluaðilar voru meðvituð um að bjóða upp á námið um allt land og skyldi það hefjast nokkurn veginn á sama tíma. Þannig væri heppilegt að öðlast reynslu og þekkingu til að gera breytingar ef þörf krefði. Kennarar/leiðbeinendur, nemar og vinnustaðir unnu vel saman. Gjarnan þarf að leggja meiri áherslu á skipulag og eftirfylgni við hluta vinnustaðanáms. Þátttaka allra aðila, þar með talið fyrirtækja og ráðgjafa, skapaði sterka tengingu milli fræðslu og vinnustaðanáms. Hins vegar var gagnrýnt að skýra mætti betur hlutverk hvers aðila í námsferlinu.

Í byrjun var verkaskipting ekki nægilega skýr á milli aðila, en varð betri þegar á leið. Haldnir voru reglulegir veffundir og stuðst var við leiðbeiningar í handbók sem stuðlaði að góðu samstarfi og samskiptaleiðir urðu betri.

Fyrir flesta þátttakendur og aðila var verkaskipting skýr en mætti bæta með skýrari skilgreiningum á hlutverki kennara/leiðbeinanda og ráðgjafa. Verkefnastjóra vantaði ítarlegar upplýsingar um lágmarkskröfur vinnustaðanáms.

Fjöldi í nemendahóp var frá 6-10 nemar. Á hverjum vinnustað var einn nemi. Engar athugasemdir voru gerðar við hópastærð og jafnvel talið hægt að hafa fleiri í hverjum hópi. Hóparnir voru fjölbreyttir, með mismunandi bakgrunn og reynslu og þurftu mismikla leiðbeiningu og aðstoð. Það kom fram að nemar hefðu verið jákvæð og áhugasöm.

Almennt þótti fræðsluhlutinn vera hæfilega langur (70 klst.) en hver fræðslulota spannar tvær til þrjár klukkustundir á dag tvisvar sinnum í viku. Mikil ánægja var með stuðninginn frá sveitarfélögum þar sem boðið var upp á blandað nám (stað- og fjarnám). Sá stuðningur var nauðsynlegur vegna framkvæmdar. Einnig var nefnt að nemar hefðu haft góðan stuðning hvert af öðru í náminu. Það var talið mikilvægt til þess að nemar væru virkir sem þátttakendur í tímum og hefðu gagn af náminu.

FRÆÐSLA OG VINNUSTAÐANÁM - SAMSTARF

Vinnustaðanámið (110 klst.) gekk vel en þó kom fram að tímabilið var mjög naumt ef upp komu veikindi og lítið svigrúm til þess að mæta forföllum, sem leiddi af sér þörf á að bæta við tímum á vinnustað. Því skiptir máli að áætla rúman tíma fyrir námið til þess að geta brugðist við því sem upp kann að koma varðandi tímasókn á vinnustað, svo hægt sé að ljúka öllu fyrir væntanlega útskriftarathöfn.

Almenn ánægja var með innihald námsefnis. Stytta mætti suma námsþætti og gefa meiri tíma fyrir ígrundun. Einn nefndi að skýrari tenging þyrfti að vera milli fræðsluefnis og vinnustaðanáms, tengja fræðilega hluta við raunaðstæður. Nefnt var að námsefnið væri of einfalt og uppfyllti ekki væntingar um faglegt innihald og of mikið um endurtekningar á almennri vitneskju. Nefnt var að það væri of mikil áhersla á mörk í samskiptum.

Námið krefst samstarfs og skipulagningar ólíkra aðila og því skiptir máli að allir verkferlar og hlutverk séu mjög skýr. Allur undirbúningur þarf að vera vel ferlaður og unninn áður en nám fer af stað til þess að tryggja skilning allra aðila á hlutverki sínu eins og kostur er.

ÞJÁLFUN STARFSÞJÁLFA

FA hélt örnámskeið fyrir starfsþjálfva þar sem boðið var upp á fræðsluna í fjarnámi. Námskeiðið var mjög mikilvægt í upphafi en aðlaga þarf námskeiðið betur að starfsþjálfum fyrirtækja og stofnana sem er fjölbreyttur hópur fólks á ólíkum vinnustöðum með fjölbreyttan bakgrunn.

MAT Á NÁMSEFNI

Fjölmennt þróaði námsefni við námskrána *Smiðja 1-2,2 Færni á vinnumarkaði*. Fræðsluaðilar voru sammála um að námsefnið væri yfirgripsmikið og byði upp á góðar umræður, vel sett fram og tengt raunverulegum aðstæðum á vinnustað. Innihald þótti áhugavert og verkefni fjölbreytt sem ýtti undir samtal og gagnvirkni.

Kennarar/leiðbeinendur aðlöguðu efnið að þörfum hópsins. Þó kom fram að efnið hentaði ekki öllum, sumum þótti það of einfalt og töldu að of mikil áhersla væri lögð á grunnþekkingu. (Flestir fræðsluaðilar bættu við nýjum verkefnum og aðlöguðu efnið frekar að nemendahópnum.)

Hluti af náminu var að vinna verkdagbók. Fyrir suma nema reyndist sú vinna erfið. Nemar hefðu þurft aukinn stuðning, þar sem mörg þeirra eru með takmarkaða ritfærni og eiga í erfiðleikum með rafrænar lausnir. Sumir fræðsluaðilar kusu að vinna með verkdagbókina í upphafi kennslulota og gekk það mjög vel. Einnig nefndu nokkrir að skortur á samskiptum milli fræðsluaðila og vinnustaðar hefðu gert vinnu kringum verkdagbækur erfiðar. Eitt af markmiðum verkdagbóka er að styðja nema við skipulag og ígrundun sem tengist fræðslu- og vinnustaðanámi. Í lokin unnu allir namar lokaverkefni sem tengdist vinnustaðanáminu og tókst hún vel hjá flestum. Sumir áttu í erfiðleikum með tæknikunnáttu en þá skipti stuðningurinn frá fræðsluaðila miklu máli.

NÁMSMAT/HÆFNIMAT

FRÆÐSLA- OG VINNUSTAÐANÁM

Námsmat fór fram í samræmi við hæfniviðmið námskrár og gekk það vel en suma námsþætti reyndist erfitt að meta. Námsmat reyndist krefjandi fyrir nemendur með takmarkaða ritfærni. Komið var inn á að gott hefði verið að hafa svipaða uppsetningu á hæfnimati fræðsluhlutans líkt og er í vinnustaðahlutanum.

Ekki lá nægjanlega skýrt fyrir suma starfsþjálfra hvernig hæfnimatið í vinnustaðahlutanum ætti að fara fram, og var lögð áhersla á að starfsþjálfar fengju skýrari leiðbeiningar um framkvæmd matsins áður en vinnustaðanám hefst. Á matsfundum sem fram fer við lok vinnustaðanáms eru viðstödd: starfsþjálfari, sem sér um matssamtal; nemi, sem er í námsmati vinnustaðar; ráðgjafi VMST sem getur verið báðum fyrirtöldu til að stoðar. Þann fund þarf að þróa undirbúning fyrir nokkru betur og samræma bæði hlutverk og verkefni. Handbók fyrir starfsþjálfra hefur verið uppfærð.

Í flestum tilvikum gekk hæfnimat frá vinnustöðum vel. Hæfnimat var framkvæmt af starfsþjálfra vinnustaðar en skortur á samræmdum leiðbeiningum gerði ferlið flóknara.

Hæfnimat frá vinnustöðum var vel unnið og voru fræðsluaðilar sammála um að auðvelt var að vinna úr því og tengja við fræðsluhlutann.

HANDBÓK

VMST, FA og Fjölmennt skrifuðu handbók fyrir samstarfsaðila í verkefninu.

Samstarfsaðilar voru sammála um að handbókin væri góður grunnur en skorti frekara ítarefni um tengingu námsþátta og hæfniviðmiða, auk meiri skýrleika fyrir lágmarkskröfur vinnustaðanáms.

Samstarfsaðilar í verkefninu voru sammála um að handbókin þyrfti að vera skýrari og betur skipulögð. Í framhaldinu voru skrifaðar þrjár handbækur, ein til notkunar á hverjum vettvangi, ásamt hæfnimatsheftum fyrir starfsþjálfra, sjá töflu 3.

ÁRANGUR OG LÆRDÓMUR AF VERKEFNINU FÆRNI Á VINNUMARKAÐI

Verkefnið gekk heilt yfir vel, namar voru öll mjög ánægð og höfðu mikið gagn af því. Færni á vinnumarkaði er lyftistöng fyrir fatlað fólk til að komast út á vinnumarkaðinn og upplifðu mörg þeirra aukna hæfni til þátttöku á vinnumarkaði.

Hópastærðin (6-10) reyndist hæfilegur fjöldi í náminu þó væri í lagi að byrja með 10 út frá færni nema. Mikilvægt er að namar séu færir um að takast á við lærdóm og tjáningu og sjá ávinning af náminu.

Fræðsluaðilar voru sammála um að námið sé frábær viðbót innan framhaldsfræðslunnar sem vonandi er komið til að vera með möguleika á frekari hæfnipróun fyrir þennan markhóp. Árangur verkefnisins var meðal annars að fræðsluaðilar mættu þörfum ákveðins hóps fatlaðs fólks sem hafði ekki verið í vottuðu námi áður innan framhaldsfræðslunnar.

Fram kom hjá samstarfsaðilum í verkefninu að mikilvægt væri að þau sem fá inngöngu í námið hafi getu til þess að takast á við alla þætti námsins.

Margir namar sýndu áhuga á að halda áfram í frekara nám. Meirihluti nema hafði í hyggju að halda áfram á öðrum námskeiðum hjá fræðsluaðilum, sérstaklega námskeiðum sem tengjast persónulegri þróun og starfsmenntun. Námið var valdeflandi og jók sjálfstraust nema.

Námskráin Smiðja 1.2.2 – Færni á vinnumarkaði er komin til að vera.